

Grunnnám fyrir skólaliða í grunn- og leikskólum

Kynningarfundur 28. september kl. 20:00

Nú í haust býður Fræðslumiðstöð Vestfjarða upp á 70 kennslustunda nám sem einkum er ætlað þeim sem hafa umsjón með grunnskólabörnum í frímínútum, í útivist og á matmálistímum auk þess að ræsta skólahúsnæði og sinna skyldum verkefnum á því sviði.

Námið getur einnig nýst þeim sem aðstoða kennara þegar þeir sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð svo og þeim sem líta eftir börnum á leikskólum.

Líta má á námið bæði sem starfsnám ætlað til að efla þátttakendur í starfi en einnig sem góðan grunn að frekara námi í faginu, t.d. tveggja anna framhaldsskólanámi fyrir þá sem vilja starfa sem skólaliðar.

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megri námið til allt að 6 einingum til styttingar náms í framhaldsskóla.

Námið hefst snemma í október eða þegar næg þátttaka fæst.

Stundaskrá verður ákveðin í samráði við þátttakendur.

Námið kostar 12.000 kr. Þátttakendum er bent á að kanna möguleika á endurgreiðslu námskeiðsgjalds frá starfsmenntasjóðum verkalýðsfélaga sem getur verið allt að 50%-90%.

Fræðslumiðstöðin heldur opinn kynningarfund um Grunnnám fyrir skólaliða mánudaginn **28. september kl. 20:00** í húsakynnum Fræðslumiðstöðvarinnar að Suðurgötu 12, Ísafirði. Fundinum er meðal annars ætlað að fá fram hversu mikill áhugi er á náminu, upplýsa um hvað felst í náminu og hvaða fyrirkomulag hentar væntanlegum þátttakendum best.